

STEFNA UM SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ

Með stefnu um samfélagsábyrgð leitast Ísfélag hf. („félagið“) við að flétta umhverfis-, og félagslegum þáttum ásamt ábyrgum stjórnarháttum við almenna starfshætti félagsins. Félagið leitast við að vera traustur samfélagsþegn sem sýnir ábyrga hegðun gagnvart nærsamfélaginu með gagnsæi í allri sinni upplýsingagjöf. Stefna þessi um samfélagsábyrgð skal vera aðgengileg á vefsíðu félagsins.

Stefna félagsins um samfélaga ábyrgð byggir á fjórum meginstoðum:

Mannauður

Markmið Ísfélags hf. er að mannaður félagsins byggi á ánægðu og hæfu starfsfólki sem býr yfir færni og þekkingu til að takast á við störf sín með skýrum ferlum og öguðum vinnubrögðum. Starfsfólk Ísfélags tekur þátt í að móta og bæta starfsemina og starfar í anda jafnræðis og jafnréttis. Félagið hefur sett sér sérstaka starfsmannastefnu er snýr að fræðslu, heilsufari og starfsánægju. Jafnframt hefur félagið sett sér stefnu í jafnréttismálum og persónuvernd.

Starfsumhverfi

Ísfélag hf. vinnur á kerfisbundinn hátt að málum sem snerta hollustuhætti, öryggi og umhverfisvernd. Félagið stefnir að stöðugt bættum árangri á þessu sviði. Félagið leggur ríka áherslu á að allar lagalegar skyldur hvað þessi mál varðar séu uppfylltar.

Samstarfsaðilar og birgjar

Ísfélag hf. hefur sanngirni að leiðarljósi í samskiptum við samstarfsaðila og birgja félagsins og leggur áherslu á að allir aðilar njóti góðs af samstarfinu. Félagið gerir ráð fyrir að samstarfsaðilar fyrirtækisins deili með því grundvallarsjónarmiðum og hefur það áhrif á val félagsins á samstarfsaðilum.

Samfélag

Félagið lítur á það sem skyldu sína gagnvart samfélaginu að takmarka eins og mögulegt er neikvætt fótspor félagsins. Á sama tíma leitast félagið við að hámarka jákvæð áhrif sín á samfélagið og skapa þannig sameiginlegt virði fyrir fyrirtækið sjálft, samfélagið og umhverfið.

Þannig samþykkt 23. janúar 2026.